124. fundur
íþróttaráðs
haldinn á Digranesvegi 1, Vatnsenda 1. hæð,
fimmtudaginn 27. október 2022 og hófst hann kl. 16:00

Fundinn sátu:
Sverrir Kári Karlsson, Einar Örn Þorvarðarson, Elísabet Berglind Sveinsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Hildur K Sveinbjarnardóttir, Gunnar Gylfason, Matthías Hjartarson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Indriði Ingi Stefánsson, Sunna Guðmundsdóttir, Thelma Bergmann Árnadóttir, Gunnar Guðmundsson, Jón Júlíusson og Anna Birna Snæbjörnsdóttir.

Fundargerð ritaði: Gunnar Guðmundsson, deildarstjóri íþróttadeildar

Dagskrá:

Almenn mál

1. 2208661 - Kynning á jaðaríþróttum

   Á fundinn mætti Alexander Vestfjörð Kárason og kynnti jaðaríþróttir.

   Íþróttaráð þakkar góða kynningu.

2. 18051067 - Hjólabrettaskál í Kópavogi

   Á fundinn mætti Birkir Rútsson, deildarstjóri Gatnadeildar og kynnti tillögur að nýrri staðsetningu fyrir hjólabrettaskál í Kópavogi.

   Íþróttaráð þakkar góða kynningu.

3. 2106027 - Óskað eftir að skipað verði í undirbúningsnefnd vegna uppbyggingar á keppnisvelli við Kórinn

   Deildarstjóri íþróttadeildar kynnti stöðu mála varðandi verkefnið.

Fundargerðir til kynningar

4. 2210565 - Skákstyrktarsjóður Kópavogs - Fundargerðir sjóðsins

   Fundargerðir sjóðsins fyrir árið 2022 lagðar fram.

   Lagt fram

Aðsend erindi

5. 2210492 - Breiðablik - Ósk um endurskoðun á rekstrar- og þjónustusamningum við félagið

   Lagt fram erindi frá Aðalstjórn Breiðabliks, dagsett 12. október 2022, þar sem óskað er eftir endurskoðun á rekstrar- og þjónustusamningi félagsins við Kópavogsbæ.

   Íþróttaráð vísar erindinu til menntasviðs til úrvinnslu.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

6. 2210817 - SÍK - Erindi frá SÍK varðandi málefni Samstarfsvettvangsins

   Erindi frá stjórn SÍK, dagsett 25. október 2022, þar sem óskað er eftir að verkefni SÍK færist aftur til bæjarins. Einnig kemur fram í erindinu að stjórn SÍK muni boða til ársþings SÍK eftir áramót, þar sem stjórnin muni leggja til að Samstarfsvettvangi íþróttafélaga í Kópavogi verði slitið.

   Lagt fram.

Önnur mál

7. 2210886 - Hamingjuóskir vegna árangurs 2022

   Íþróttaráð óskar Breiðablik til hamingju með íslandsmeistartitilinn í knattspyrnu karla 2022.

8. 2209435 - Heimsóknir til íþróttafélaga 2022 - 2026

   Farið í heimsókn í Íþróttahús Digranes og skoðuð endurbætt aðstaða Skotíþróttafélags Kópavogs og ný aðstaða Kraftlyftingadeildar Breiðabliks í mannvirkinu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:30.

_____ _____

_____ _____

_____ _____

_____ _____

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026